

Til Umhverfis og samgögunefndar Alþingis

Umsögn Isavia Innanlandsflugvalla um Samgönguáætlun 2024-2037

DAGSETNING 24.04.2024

HÖFUNDUR SBJ

YFIRLESID BH/ÓRB/SP

Frá því að tillaga að SGÁ var send í nóvember 2023 þá hafa Isavia Innanlandsflugvellir (hér eftir II) unnið að yfirferð á henni í samvinnu við Innviðaráðuneytið og ábendingar ráðuneytis varðandi áherslur og forgangsröðun. Taka þarf jafnframt tillit til hækkun kostnaðar á framkvæmdum á Akureyrarflugvelli og eru skýringar vegna þess aftast í þessu minnisblaði.

Áður hefur nefndinni verið gerð grein fyrir innviðaskuld sem er í flugvallarkerfinu vegna áratuga vanfjármögnunar á viðhaldi innviða. Innleiðing á varaflugvallagjaldi kemur að einhverju leyti til móts við hana en tilgangur með því gjaldi var þó fyrst og fremst að fjármagna nýframkvæmdir á alþjóðaflugvöllum þremur með tilliti til flug og rekstraröryggis.

Hér verður farið yfir fyrirhugðar breytingar framkvæmdaverkefna í þingsályktunartillögunni sem lögð var fram sl.haust. Taka verður fram að Innviðaráðuneytið setti fram árlega fasta fjárhæð í rammann út áætlunartímabilið til ársins 2038. (sjá excel skjal).

Við höfum stillt upp tveimur valmyndum annars vegar.

A) ný flugstöð á Reykjavíkurlugvelli verði fjármögnuð á Samgönguáætlun.

B) Að flugstöðin verði sett í einkaframkvæmd en þá þarf að taka tillit til árlegra leigugreiðslna vegna hennar í rekstrarhluta þjónustusamnings félagsins.

Áhrifin af því að taka nýja flugstöð á Reykjavíkurlugvelli inni áætlunina eru þau að framkvæmdir við akbraut samhliða flugbraut á Egilsstaðaflugvelli mun seinka og færast að mestum þunga á annað og þriðja tímabil áætlunarinnar.

Akureyrarflugvöllur

- 220 mkr afgangur varð af fjárheimild til endurnýjunar malbiks á flugbraut á Egilsstaðaflugvelli árið 2021 og óskar II eftir að færa þennan afgang af fjárheimildinni yfir til Akureyrarflugvallar til að mæta auknum kostnaði við nýtt flughlað.
- 651 mkr viðbótarframlag árið 2024 til stækkunar á flugstöð á Akureyrarflugvelli.
- 285 mkr viðbótarframlag árið 2024 fyrir nýtt flughlað á Akureyrarflugvelli
- Uppbygging lóða fyrir flugskýli er brýn framkvæmd en þær 200 mkr eru færðar til að fjármagna nýtt flughlað og rúmast þar af leiðandi ekki innan rammans að svo komnu.
- Yfirborðsviðhaldi (yfirsprautun) á flugbraut er frestað frá 2024 til 2025
- 200 mkr framlag bætist við vegna viðhalds á gamla flughlaðinu árið 2026 í kjölfar aukinnar umferðar stórra flugvéla undanfarin þrjú ár

- Endurnýjun á ýmsum leiðsögu- og ljósabúnaði frestast um eitt ár og framlag til þeirra verkefna hækkar um 55 mkr samanlagt yfir árin 2024-2026
- Framkvæmdum við aðflugsljós er flýtt til ársins 2026 og framlag til verkefnisins hækkar um 130 mkr.

Egilsstaðaflugvöllur

- Framundan er stór framkvæmd við gerð samsíða akbrautar og ákveða þarf forgangsröðun innan Samgönguáætlunar á því verkefni. (Sjá valkosti A og B í excelskjali).
- Framkvæmdum við aðflugsljós er flýtt til áranna 2026-27 og framlag til verkefnisins hækkar um 80 mkr.

Reykjavíkflugvöllur

- 100 mkr framlag til aðflugsljósa er felld niður. Framkvæmdin er að fullu fjámögnuð af fyrri áætlunum.
- Framlag til byggingar nýrrar flugstöðvar hækkar úr 1.700 m.kr í 2.800 m.kr árin 2026 til 2031. Hækkunin er í samræmi við reynslutölur frá Akureyrarflugvelli. Framkvæmdaupphæð verður að taka með fyrirvara, því að ekki er búið að ganga frá kaupum á eldri flugstöð og öðrum þjónustubyggingum, og engin þarfagreining eða hönnun hefur verið sett af stað en 25 mkr framlag er til þess árin 2024 og 25. Ef farið verður af stað í verkefnið þá þarf að uppfæra áætlunina þegar frumkostnaðartölur liggja fyrir.
- Framlag til fjarstýrðs flugturns hækkar úr 375 m.kr í 650 mkr.
- Framlag til bygginga og búnaðar hækkar um 52 m.kr árið 2025.
- Flutningur á girðingu í Nýja Skerjafirði. 30 m.kr.framlag frá 2018 er á þessum lið en kostnaðaráætlun er um 100 m.kr. Óvíst er með kostnaðarskiptingu borgar og Isavia.

Blönduósflugvöllur

- Framlag nýklæðingar á flugbraut hækkar um 79 m.kr vegna þess að skipta þarf um undirlag brautar og setja tvö lög af klæðingu.
- Ef ætlunin er að flugvöllurinn þjóni hlutverki sjúkravallar allt árið þarf að endurnýja ljósabúnað á vellinum. Kostnaðaráætlun er um 150 mkr og er ófjármagnað verkefni.

Vestmannaeyjaflugvöllur

- Framlag til bygginga og búnaða færast frá 2027 til 2024-25 vegna lélegs ástands flugstöðvar og endurnýjun á ónýtum veðurbúnaði. Endurbætur á flugstöð verða mun kostnaðarsamari (frumkostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 300 mkr verkefni) og taka þarf ákvörðun um að fara í endurbætur eða flytja starfsemi í færanlegt minna húsnæði. Gert er ráð fyrir útboði á vetrarflugi REK -VEY til næstu þriggja ára.

Húsavíkflugvöllur

- Marka þarf framtíðarstefnu fyrir Húsavíkflugvöll. Fyrir liggur að farið verður í útboð á flugleiðinni REK - HZK á árinu til eins árs og aðeins yfir vetrarmánuðina. Ljóst er að flugstöð er mjög illa farin af rakaskemmdum og starfsemi flugturns er nú stýrt með myndavélum. Einnig er stefnt að því að færa aðstöðufarþega í færanlegt húsnæði á árinu. Félagið leggur til að

flugstöðinni verði í framhaldi lokað. Endurnýja þarf klæðingu á flugbraut og flughlaði sem og endurnýja flugvallarljós. Áætlaður kostnaður við slíka framkvæmd gæti verið um 250 mkr og er það ófjármagnað.

Grimseyjarflugvöllur

- Fyrirliggjandi fjárframlag dugar til viðgerða á húsnaði sumarið 2024 og er framlag árið 2024 því fellt niður.

Aðflugsferlar

- Framlag til aðflugsferla lækkar um 61 mkr samanlagt árið 2024 og 25 en farið verður í endurskoðun og hönnun á aðflugsferlum fyrir 72 mkr á árinu 2024

Aðrir flugvellir í grunnneti

- Klæðing á Rífi frestast frá árinu 2025 til 2027.
- Klæðing á Norðfirði er flýtt frá árinu 2027 til 2025. Unnið verður að staðbundnum viðgerðum árið 2024.
- Klæðing á Sandskeið flyst frá 2024 til 2025.
- Klæðing á Reykjahlíð flyst frá 2025 til 2026.
- Klæðing á Stóra Kroppi flyst frá 2026 til 2025. Unnið verður að staðbundnum viðgerðum árið 2024.
- Uppbygging á lendingarstað á suðausturlandi flyst af fyrsta tímabili yfir á annað tímabili áætlunar.

Nýframkvæmd á Akureyrarflugvelli – skýringar

Stærstu verkefni Isavia Innanlandsflugvalla frá 2020 eru nýframkvæmdir á Akureyrarflugvelli. Verkefnin hafa liðið fyrir ytri aðstæður í heiminum, aðstæður sem ekki var hægt að sjá fyrir með nokkru mótí þegar fjárveiting var veitt. Isavia Innanlandsflugvellir hafa rætt þessi mál á samráðsfundum með ráðuneytinu og upplýst um framvindu verkefna hverju sinni. Vegna margvíslegra ytri aðstæðna hafa framkvæmdirnar orðið dýrari en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Auk þess hafa framlög til verkefnisins ekki verið verðbætt. Verkefnin hefur almennt gengið mjög vel. Lokaúttekt á flughlaðinu var 7. desember 2023 og það er komið í fulla notkun. Verklök flugstöðvar verða þó tíu mánuðum á eftir upphaflegri áætlun. Það verður að teljast ágætis árangur ef litið er til atburða í ytra umhverfi sl. þrjú ár. Gert er ráð fyrir að formleg opnun flugstöðvar og flughlaðs verði í lok ágúst 2024. Mikils aðhalds hefur verið gætt í verkefnunum á öllum stigum.

Verkefnið hófst árið 2019 og við gerð Samgönguáætlunar 2020 voru eftirfarandi fjárhæðir settar á þessi tvö verkefni:

Tafla úr Samgönguáætlun 2020.

2. Tafla 4 orðist svo:

Tafla 4 – Stofnkostnaður – sundurliðun.

<i>Verðlag fjárlaga 2021. Fjárhæðir í millj. kr.</i>	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Alþjóðaflugvellir í grunnneti						
Reykjavík	30	0	0	0	0	30
Akureyri – Flugstöð	200	300	390	195	0	1.085
Akureyri – Flughlað	315	100	400	600	0	1.415
Egilsstaðir	35	0	20	45	0	100
Samtals alþjóðaflugvellir í grunnneti	580	400	810	840	0	2.630

Framkvæmdir við flughlaðið voru mjög umfangsmiklar og fólu m.a. í sér flutning á olúbirgðasvæði, uppsetningu skólphreinsistöðvar og olúskilju ásamt því að stækka flughlaðið um 34.000 m² með tveimur steiptum flugvélastæðum fyrir C og D flugvélar sem verður hægt að tengja við rafmagn (e. ground power). Jafnframt mun flugvöllurinn með þessum nýju breytingum geta tekið við allt að 13 flugvélum á neyðartímum á báðum flughlöðum.

Framkvæmdir við flugstöð er á lokametrum. Viðbygging er komin í notkun og verið er að vinna við tengingar á milli nýja og eldra húsnæðis. Gömlu byggingunni verður breytt þannig hún aðlagist að breyttu flæði farþega og farangurs. Með betra og eðlilegra flæði nýttist húsnæðið mun betur og upplifun farþega verður jákvæðari.

Í undirbúningshópi sem ráðuneytið setti af stað árið 2019 til frumskoðunar og hönnunar á nýrri flugstöð þá var gert ráð fyrir um 900 m.kr kostnaði fyrir viðbygginguna sjálfa **án vsk**. Í þeirri vinnu voru jafnframt lögð fram gögn sem gerðu ráð fyrir 136 m.kr. án vsk í búnaðarkaup og 135 m.kr án vsk í kostnaði við breytingar í eldra húsnæði. Heildarkostnaður var því áætlaður 1.171 m.kr **án vsk** eða 1.452 m.kr með vsk.

Verkhlyti	Kostn. áætlun án. VSK mkr.
Ný viðbygging flugstöð	900
Búnaðarkaup	136
Tenging við eldri flugstöð	135
Samtals:	1.171

Framlagið á Samgönguáætlun var hins vegar 1.085 m. kr. með vsk.

Allt frá upphafi hefur verið miðað við þennan þrönga ramma undirbúningshópsins uppá 900 m.kr. án vsk fyrir viðbygginguna en engu að síður í svona flókinni framkvæmd þá verður óhjákvæmilega til viðbótarkostnaður. Ekki var gert ráð fyrir verðbótum í framlaginu á samgönguáætlun 2020, en verksamningur við verktaka er verðbættur. Á framkvæmdatímanum hafa komið kröfur vegna aukaverka upp á 100 m.kr. m.vsk en þær kröfur eru tilkomnar vegna breytinga sem orsakast út af ágalla á hönnun sem kemur upp á verktíma. 60 m.kr vegna viðbótarverka sem að stærstum hluta er vegna umfangsmikilla ófyrirséðra viðgerða á þaki á tengihluta bygginganna. Í yfirstandandi framkvæmdum á eldri hluta flugstöðvar eru að koma upp verkefni og ýmiss vandamál sem ekki var hægt að sjá fyrir á hönnunarstigi, slíkt og verður að teljast eðlilegt miðað við aldur byggingarinnar.

Nauðsynlegt er að benda á að í mars 2020 þegar fjárveiting frá Alþingi er veitt stendur byggingarvísitala á vef Hagstofu Íslands í 147,7 og í mars 2024 188,7, með grunn frá 2009, sem er um 28% hækkun.

Ef vísitala neysluverðs er skoðuð fyrir sömu tímabil þá var hún 475,2 í mars 2020 og 620,2 í mars 2024 á grunni frá 1988 sem er um 31% hækkun.

Heildarkostnaður við flugstöðvarframkvæmdina mun því nema um **1.690 m.kr. m.vsk**

Heildarkostnaður við flughlaðsframkvæmd var **1.920 m.kr m.vsk.**

Framlagið í flughlaðið á Samgönguáætlun frá árinu 2020 er 1.415 m.kr. m.vsk. Megin skýringar á þessum mun eru hækkun byggingarvísitölu um rúm 28 %. Jafnframt hefur verið á asfalti (malbiki) hækkað um 50-60% frá því að fjárframlög til verkefnisins eru ákveðin í mars 2020 til áramóta 2023. Malbik stendur fyrir um það bil 40% af heildarkostnaði í framkvæmdinni. Þáttur magnaukningar á efni í burðarlögum og malbiki stendur fyrir um það bil 10 % af heildarframkvæmdarkostnaði. Magnaukningar þessar má einkum rekja til þess undirlags sem flughlaðið stendur á og ráðstafana sem þurfti að gera vegna sigs sem varð á verktíma. Önnur aðföng í flughlaði t.d ljós í flughlaði og rafmagns brunnar hækkuðu einnig gríðarlega á tímabilinu.

Heildar framkvæmdakostnaður beggja verkefna verður því **3.610 m.kr m.vsk.**

Ef við skoðum þróun verðlags á tímabilinu þá er framlagið frá árinu 2020 2.6 m.kr. á verðlagi dagsins í dag 3.160 m.kr. þannig að verðlagsbreytingar einar og sér eru tæpar 700 m.kr.og þar fyrir utan hafa einstaka liðir hækkað eins og fram kemur hér að ofan. Gera má ráð fyrir að virðisaukaskattur af framkvæmdinni sé um 700 m.kr.